BYGGINGALÝSING OG GREINARGERÐ HÖNNUÐA

a. Almennt:
Götuheiti : Flugvellir 1
Landnr.: L222263
Mhl: 01

Ráðgert er að reisa viðbyggingu til suðurs og austurs við núverandi byggingu. Þar sem núverandi bygging og nýbygging mætast myndast tvö þríggja hæða alrýmiljósgarðar. Upprunalegir hönnuðir hússins eru VA Arkitekar.

Töluverðar breytingar verða gerðar á innra skipulagi núverandi byggingar. Þar sem breytingar eru yfirgripsmiklar eru breytingar ekki merktar sérstaklega á teikningum en mörk viðbyggingar eru merkt inn á yfirlitsmyndum. Nær engar breytingar verða gerðar á vestur hluta núverandi byggingar sem hýsir flugherma, þjálfunarsetur og æfingasal en hurð inntaksrýmis verður tærð af útveg á austurhlið yfir á útvegg suðurhliðar. Rýmisnúmer vesturhluta eru endurskipulögð en stærðir þess hlutar haldast óbreyttar.

b. Notkun:
Byggingin, sem er á þremur hæðum, er atvinnuhúsnæði og hýsir kennslustofur, skrifstofur, æfingasal og flugherm fyrir starfsmenn Icelandair. Einnig er í húsinu eldhús/mötuneyti á jarðhæð. Aðalinngangur er á suðurhlið byggingar en inngangur fyrir áhöfn á norðurhlið. Gert er ráð fyrir að rútur geti keyrt umhverfis bygginguna til að ferja áhöfn að flugstöð.

Áætlaður heildarfjöldi fjöldi starfsmanna í húsi á hverjum tíma er 450 en gert er ráð fyrir að heildarfjöldi í húsi geti verið allt að 600. Starfsfólk fyrirtækisins hefur aðgang að munaskápum og kaffiaðstöðu á hverri hæð. Kynjaskipt búningsaðstaða verður á jarðhæð í tengslum við fjölnotasal/ræktarsal. Sérstakir þurrkskápar verða í búningsaðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi til vinnu. Hjólageymsla með hleðslustöðvum er á jarðhæð.
Sérstök búningsaðstaða er fyrir starfsmenn í eldhúsi ásamt salerni og munaskápum.

Eldhús og mötuneyti:
Mötuneytí fyrirtækisins er staðsett í suðurhluta jarðhæðar og er samtengt eldhúsi sem liggur meðfram núverandi flughermabyggingu.
Í mötuneytissalnum er gert ráð fyrir að u.þ.b. 220 manns geti borðað í einu. Eldhúsið samanstendur af undirbúnings- og framreiðslu eldhúsi, aðstöðu fyrir uppvask ásamt kælum, frysti, þurrvörulager og búningsaðstöðu. Gert er ráð fyrir 9 starfsmönnum í mötuneyti og eldhúsi. Vörumóttaka fyrir eldhúsið er á norðurhlið hússins.

c. Helstu stærðir:

MHL 01

	brúttóflötur (D8)	brúttórúmmál (D11)
1.hæð	5.210,4 m²	35.517,8 m³
2.hæð	2.778,9 m²	11.966,8 m³
3.hæð	2.549,5 m²	11.140,4 m³
Samtals:	10.538,8 m²	59.621,4m³

B = 468,8m²

MHL 02 (Spennustöð, núverandi)

1.hæð	9,6m²	35,1 m³

MHL 03 (Sorpgerði B-rými)

B = 40,5m²

MHL 04 (Eldhermir)

1.hæð	51,0m²	136,2 m³

Samtals A+B á lóð= 11.108,7m²

d. Stærð lóðar, nýtingarhlutfall:
Lóðarstærð: 42.979,8 m²
Nýtingarhlutfall: 0,26 (heimild skv. deiliskipulagi er 0,5)
Bílastæði eru 464, þar af 9 fyrir hreyfihamlaða. sjá nánar lið s.

e. Burðarvirki:
Undirstöður eru grunnaðar á klöpp. Undirstöður, botnplata, veggir og súlur eru steypt. Plötur er að hluta holplötur með staðsteyptu ásteypulagi og að hluta staðsteyptar. Þakplata hefur þrennskonar uppbyggingu, þ.e. holplötur með staðsteyptu ásteypulagi, staðsteypt plata og risrifjaplötur á þakgluggasvæði. Hliðarálag vegna jarðskjálfta og vinds er tekið upp með staðsteyptum skerveggjum.

f. Utanhússfrágangur og litaval:
Útveggir verða úr staðsteyptri steypu einangraðir að utan með steinull og klæddir með ljósri áklæðningu með utanáliggjandi listum úr sama efni. Útveggir skrifstofuhlutu núverandi byggingar verða klæddir með sömu klæðningu. Handrið þaksvala er úr gleri en klæðning gengur upp yfir handrið á viðlum stöðum. Hæð þess skal vera 1200mm fá fullfrágengnu gólfi svala.
Gluggakerfi og inngangshurðir eru úr álí í ljósum lit. Þakgluggar eru úr álí og sitja á rifjaplötum.

g. Handrið:
Hæð og gerð handriða og handlista verða skv. byggingarreglugerð. Gengið skal þannig frá handriðum að fullt öryggi sé tryggt. Op í handriði mega ekki vera meira en 89mm að breidd upp að 800mm hæð frá gólfi eða frambrún þrep/palls. Við þrep skal gæta þess sérstaklega að bil milli handriðs og þreps sé hvergi meira en 89mm. Sama gildir um bil milli handriðs og stigapalls, svala o.þ.h. sem og þar sem handrið kemur upp að vegg.
Sé handrið utanáliggjandi skal bil milli handriðs og stiga eða svalaplötu ekki vera meira en 50mm.

Öll glerhandrið sem, og festingar þeirra skulu þola það álag sem þúsast má við að glerið eða festingarnar verði fyrir.
Burðarþolshönnuður skal ákvarða styrk og festinga gler handriða. Við val á glerhandriðum skal fylgja eftirfarandi Rb-blöðum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eins og við á hverju sinni.

Sött er um frávik frá byggingarreglugerð gr. 6.5.1 v. fjarlægðar milli handlista í stóru setrröppunum í alrými.
Handlisti verður við sitthvorri hlið stigans en ekki í miðju hans. Stiginn liggur aðeins milli 1. og 2. hæðar. Aðrir stigar sem uppfylla ákvæði reglugerðar varðandi handlista liggja milli sömu rýma.

h. Sorp:
Sorpskýli (mhl03) er staðsett á lóð norðan við byggingu. Sorp verður flokkað á staðnum. Varðandi meðferð hættulegra efna er vísað á endurvinnslustöðvar.

i. Ræsting:
Á hverri hæð er ræstirými með ræstivaski og auk þess er miðlægt ræstirými á 1.hæð fyrir alla bygginguna. Ræstiskápar með ræstivaski er staðsettur í eldhúsi.

j. Þvottur:
Allur þvottur tengdur eldhúsi og ræstingu er sendur úr húsi í hreinsun.

k. Einangrun:
Einangrun er miðuð við ákvæði 13.3 í byggingarreglugerð 112/2012 og ÍST66 um hámarks U-gildi einstakra byggingarhluta og vegið meðaltal U-gildis útveggja verði uppfyllt.
Sökklar og útveggir verða einangraðir að utan.
Þak núverandi byggingar er viðsnúið þak með blautri einangrun og fargi. Þak viðbyggingar verður einangrað með sama hætti.
Notað verður K-gler í álfa glugga.

Útreikningur leyfilegs leiðnitaps og raunverulegs leiðnitaps (núverandi skrifstofubygging og viðbygging)

Byggingarhluti	Stærð flata m²	Hita-munur °C	Byggingarreglugerð U-gildi W/m²K	Byggingarreglugerð Leiðnitap W	Þessi bygging U-gildi W/m²K	Þessi bygging Leiðnitap W
Þak	3,465	35	0.2	24,255	0.2	24,255
Útveggur	1,682	35	0.4	23,549	0.4	23,549
Gluggar	684	35	2.0	47,851	1.6	38,281
Ofanljós	200	35	2.0	14,028	1.6	11,222
Hurðir	42	35	3.0	4,566	2.0	3,044
Gólf á fyllingu	3,026	15	0.3	13,618	0.3	13,618
Gólf að útilofti	289	35	0.2	2,025	0.2	2,025
Kuldabrýr						
Útveggjasökkull - útveggur - gólfplata	477	35	n/a		0.48	8,014
Heild				129,892		124,008

Vegið meðaltal U-gilda veggflata, glugga og hurða:

Byggingarhluti	U-gildi	Flatar-mál	Marg-feldi
Útveggir	0.4	1,682	673
Gluggar	1.6	884	1,414
Hurðir	2.0	42	84
Heild		2,608	2,171
Vegið meðaltal U-gilda veggflata, glugga og hurða í þessu húsi er því:			0.83 W/m²K

l. Innanhússfrágangur:
Almennt eru steyptir veggir spartlaðir og málaðir hvítir en steypa verður sýnilega á völdum veggjum.
Léttir innveggir eru hefðbundnir gipsplötuveggir á málmgrind. Þykkt þeirra fer eftir hljóðkröfum á hverjum stað.
Hluti veggja teymisrýma verða gljerjaðir.
Stærri veggfletir í alrýmum verða klæddir hljóðísogsplötum, ýmist í ljósum lit eða með viðaráferð.
Gólf jarðhæðar verður að mestu steypt með terrazzo áferð. Gólf votrýma verða flísalögð en eldhús og geymslur með epoxy yfirborði.
Gólf efri hæða verða parkettlögð umhverfis alrými en með teppaflísum á vinnusvæðum.

Nýir stigar eru ýmist staðsteyptir eða úr stáli. Í alrýmum verða stigar viðarklæddir.
Handrið í eru almennt heil og klædd með timbri eða hljóðísogsplötum eða gerð úr stáli í hvítum lit.
Loft eru almennt niðurtekin kerfisloft með hljóðísogi. Í alrýmum, kaffiaðstöðu og göngum verða timburlístaloft í flokki 1.
Geymslur, ræsting og önnur stoðrými verða máluð loft.

Sött er um frávik frá byggingareglugerð gr. 6.5.1 v. fjarlægðar milli handlista í settröppum í alrými. Sjá lið g.

m. Aðgengi og algild hönnun.
Allt aðgengi skal vera samkvæmt byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum. Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar. Þröskuldar í útihurðum skulu ekki vera með meiri hæðarmun en 25mm, allar hurðir innandyra eru þröskuldalausar. Hámarks átak við opnun hurða skal miðast við að sé mest 25 N á handfangi og hámarks þrýstingur/tog ekki yfir 40 N.
Gert er ráð fyrir að almennur snúningsradius fyrir hjólastóla sé 750mm en 900 inn á salernum hreyfihamlaðra. Salerni hreyfihamlaðra eru sex, tvö á hverri hæð. Sérstakur búningsklefi með snúningsradius er við fjölnotasal/ræktarsal.
Ljósop hurða er að lágmarki 830mm. Farþegalyfta er í húsinu. Bílastæði hreyfihamlaðra verða sem næst húsinu.
Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum hreyfihamlaðra að aðalinngangi byggingar.

n. Lagnir og loftræsing:

Fráveitukerfi:
Tvöfalt fráveitukerfi er í húsinu, regnvatn og skólp. Skólplagnir verða tengdar fráveitukerfi Hafnarfjarðar en regnvatnslagnir tengdar í gegtöpukk á lóð. Frárennislislagnir í jörð eru plastlagnir, sérstyrktar á umferðarsvæðum. Regnvatnslagnir frá þakniðurföllum eru heitsoðnar PEH plastlagnir. Skólplagnir innanhúss eru úr hljóðdeyfandi plasti. Hlíðsgreinar að einstökum hreinlætistækjum innan hæða eru úr hefðbundnu PP plasti.
Sér frárennisklerfi verður frá steikinganeldhúsum sem leitt verður í fituskiljur fyrir utan byggingu og þaðan í frárennslið. Fituskiljur verða hannaðar skv. ÍST EN 1825-2

Inntaksrými: Núverandi inntaksrými verður nýtt áfram fyrir hluta hússins, þ.e. flughermabyggingu. Nýtt inntaksrými verður við austurhlið hússins sem þjóna mun skrifstofuhluta.

Neysluvatnskerfi: Heitt neysluvatn er upphitað kalt vatn, hitað í varmaskipti með hitaveituvatni. Hámarkshitastig verður 60°C. Neysluvatnslagnir eru álplast lagnir.

Hitakerfi: Húsið verður að stofni til hitað með loftnítun. Til viðbótar verður gólfhiti á völdum stöðum og ofnar þar sem þeirra verður þörf. Leggja þarf tvö hitakerfi um húsið. Eitt lokað hitakerfi sem þjónar hitaelementum í kæliröftum og annað kerfi sem þjónar ofnum, gólfhita og eftirhituru í loftræsikerfi. Heita vatnið í lokaða kerfinu verður hitað í varmaskipti í tæknirými vatns með heitu vatni frá veitu.

Kælikerfi: Lokað kælikerfi verður lagt um húsið. Kerfið þjónar kæliröftum í loftræsikerfi og loftkælum í tölvurýmum. Kæilvatnið verður kælt í varmaskipti í tæknirými vatns með köldu vatni frá veitu. Lagnir í kælikerfi verða álplastlagnir settar saman með þrýstilengjum.

Vatnsúðakerfi: Núverandi bygging er öll varin með vatnsúðakerfi. Viðbygging verður einnig öll varin með vatnsúðakerfi. Vatnsúðakerfi í viðbyggingu verður tengt við núverandi vatnsúðakerfi.

Loftræsikerfi: Öll rými í byggingunni verða veiraent loftræst. Öll núverandi loftræsikerfi verða notuð áfram og þrjú ný sett inn fyrir viðbygginguna. Varmaendurvinnsla verður í loftræsikerfum. Sjálfstætt útsogskerfi verður fyrir eldhús, leitt um heilsoðinn brunaeinangraðan loftstokk sem liggur órofinn frá eldhúsi upp á þak hússins.

Snjóbræðslukerfi: Afgangsvarmi frá hitakerfum hússins verður nýttur til snjóbræðslu. Allar helstu gönguleiðir, aðkomur að húsinu og bílastæði fatlaðra verða snjóbræddd.

o. Hljóðvist:
Kröfur byggingarreglugerðar um hljóðvist í nýbyggingum verða uppfylltar, þ.e. kröfur verða í samræmi við gæðaflokk C í staðinum ÍST 45:2016, Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í kóflum 11, 14 og 15 eru skilgreindar kröfur til skrifstofuhúsnæðis. Í einhverjum tilfellum gætu hljóðvistargæði verið aukin og væri þá horft til hljóðvistarflokka A og B.
Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með að þeita bekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum. Einþjval í loftum, á veggjum og á gólfum verður ákvarðað með ómtíma rýmanna í huga.
Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til loftnjóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Markmið og kröfur til hljóðvistar byggingarinnar eru sett fram í meðfylgjandi hljóðvistargreinargerð 1.

p. Öryggisbúnaður:
Vísað er í kafla u. um Brunavarnir.

q. Raflagnir og tæknibúnaður:
Inntök eru fyrir hendi í núverandi húsi. Aðaltafla er í tæknirými ásamt tengiskáp fyrir ljósleiðara. Aðaltafla verður aðlöguð en inntök breytast ekki.
Tæknirýmum verður komið fyrir á hverri hæð fyrir lág- og smáspennu
Lagnaleiðir lág- og smáspennukerfa verða huldar eða utanáliggjandi.
Innfelldar pípulagnir verða í loftum og gólfum fyrir lagnaleiðir að þaðarbúnaði, eftir því sem við á. Í tilfellum sem notaðar verða utanáliggjandi pípur verða þær úr álí eða högghelltu plasti.
Lagnaleiðir utanhúss verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið.
Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á á hverjum stað.
Ljósum verður almennt staðsýrt. Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum.
Lýsing verður ýmist innfeld eða utanáliggjandi og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.
Tengimöguleiki verður við fimmta hvert bílastæði á lóð fyrir rafbílahleðslu, þar með talin öll bílastæði merkt fyrir hreyfihamlaða.
Varðandi neyðarlýsingu og brunaviðvörunarkerfis er vísað til greinargerðar brunahönnuar.

Núverandi lyfta verður notuð áfram en hún uppfærð og gerð gegnumgangandi í samstarfi við þjónustuaðila Schindler

r. Frágangur lóðar.
Aðkoma og göngueiðir eru almennt hellulagðar. Aksturseiðir bifreiða og bílastæði eru malbikuð. Merkingar í malbik er innlagður steinn og málning. Grænbeð með lágum gróðri og einstaka trjám eru notuð á rýmismyndandi hátt umhverfis húsið. Stærri gróðurfletir eru við suðurhlið hússins og mynda skjól við útiaðstöðu hjá mötuneyti. Gróðurbeð eða grasfletir verða á völdum stöðum milli bílastæða til að milda ásynd þeirra.
Haldið verður upp á stærri sprungur í hrauni þar sem möguleiki er á en fyllt upp í þær sem nú þegar hefur verið spilt í fyrri framkvæmdum.

s. Bílastæði
Viðmið deiliskipulags um bílastæði eru amk 1 stæði á hverja 30 byggða m² (11.108,7 / 30 = 369) en ekki fleiri en 1 stæði á hverja hámarks m² lóðar. (42.797 * 0,5 / 30 = 716)

Á lóðinni verða 464 bílastæði, þar af eru bílastæði hreyfihamlaðra 9 talsins, skv. tafla 6.04 í byggingarreglugerð 112/2012.
Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu að Ásbraut vegna nýrra bílastæða á vesturhluta lóðar. Möguleg framtíðaruppbygging gerir ráð fyrir hægt verði að byggja opið bílskýli á tveimur hæðum þar sem nýju bílastæðin á vestuhluta lóðar eru staðsett. Við það munu bætast við 160 bílastæði.

t. Sértækar aðgerðir

Stefnt verður að BREEAM vottun fyrir húsið í flokki "very good" eða "excellent".



u. Brunavarnir

Samantekt á brunavörnum hússins

Brunavarnir byggingarinnar skulu vera í samræmi við greinagerð Mannvits hf. um brunavarnir.
Forsendur
Um er að ræða stækkun á húsnæði Icelandair við Flugvelli 1, Hafnarfirði. Núverandi bygging sem hýsir flugherma og kennslurými verður stækkað til að hýsa skrifstofustarfsemi, þjónustuver og aðstöðu fyrir áhafnir. Þjálfunarsetur sem hýsir flugherma verður að öllu leyti óbreytt.
Brunavarnir verða í samræmi við meginreglur og viðmiðunarreglur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með síðari breytingum.
Brunavarnir eru ákvarðaðar á grundvelli reglugerðarinnar með tilgreindum frávikum frá viðmiðunarreglum (með tækniskiptum), þ.e. í samræmi við b-lið greinar 9.2.2.
Notkunarflokkar
Húsið í heild sinni fellur undir notkunarflokk 1. Alrými og þar með talið mötuneyti getur fólk safnast saman og því fellur sá hluti hússins undir notkunarflokk 2.
Brunaþol burðarvirkis
Í samræmi við töflu 9.10. í byggingarreglugerð telst áhætta vegna öryggis fólks vera „meðal". R 60 er því lágmarksbrunamótstaða fyrir öll ný burðarvirki þar sem mannvirkið er allt varið með vatnsúðakerfi. Burðarvirki sem halda uppi hæðaskilum og þaki þurfa að uppfylla R 60 brunamótstöðu. Stálgrindarburðarvirki yfir alrými verður þó óvarin þar sem reyklosun í því rými tryggi að hitastig í reyk fari ekki yfir 450°C.
Brunahólf
Húsinu er skipt upp í nokkur brunahólf eins og sýnt er á aðaluppdráttum. Í meginatriðum er alrými og matsalur ásamt nokkrum tengdum rýmum þar sem brunaálag er lítið tengd saman í eitt brunahólf sem nær yfir 3 hæðir. Skrifstofur eru síðan á hverri hæð sjálfstæð brunahólf. Eldhús, geymslur, tæknirými og stigahús eru jafnframt skilgreind sem sjálfstæð brunahólf.
Veggir milli brunahólfa verða með EI 60 brunamótstöðu og EI_2 30-C_{S200} hurðum eða E30 glerveggjum og E30-C_{S200} hurðum þar sem það er ásættanlegt vegna lítils brunaálags, til dæmis á göngum. Jafnframt verða eldvarnartjöld notuð til að hólfa skrifstofur frá alrými og skulu eldvarnartjöldin uppfylla a.m.k. E30 brunamótstöðu.
Hurðir inn í geymslur og tæknirými verða almennt EI_2 30-S_{200}.
Viðurkennt sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður uppsett í öllu húsnæðinu svo sambrunahætta telst ekki vera til staðar.
Tryggt skal vera að reykur geti ekki borist á milli brunahólfa og skal þétta vel með viðurkenndum efnum með öllum lögnum sem liggja milli þeirra. Nánar er gert grein fyrir því í greinargerð Mannvits.
Flóttaleiðir
Almennt verða 2 óháðar flóttaleiðir frá öllum rýmum og flóttaleið í næsta útgang eða næsta brunahólf ekki lengri en 45 m. Samkvæmt grein 9.5.6 má lengsta göngulengd í næsta brunahólf að teknu tilliti til þess að húsinu er sjálfvirkt vatnsúðakerfi verða 58,5 m í þeim hluta hússins sem felur undir notkunarflokk 1 en 39 m í þeim hluta hússins sem fellur undir notkunarflokk 2. Í greinargerð Mannvits er að finna jafnframt niðurstöður flóttahermunar og raunbruna sem sýna að öryggi fólks í húsinu er vel tryggt.
Flóttaleiðir eru í samræmi við gr. 9.5.2 í byggingarreglugerð og leiðbeiningablað Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Tryggt skal að flóttaleiðir séu greiðfærar öllum stöðum og hlutum sé ekki komið fyrir sem gætu skert virkni flóttaleiðanna. Allar hurðir í flóttaleiðum sem þjóna fleirum en 50 skulu vera með opunarbúnað í samræmi við ÍST EN 179 og í rýmum þar sem fólksfjöldi er yfir 150 manns í samræmi við ÍST EN 1125. Hurðir sem þjóna færri mega vera með einföldum húnum og snerli. Nánar er gerð grein fyrir opunarbúnaði í greinargerð Mannvits.
Öruggt svæði verða innan allra stigahúsa á þeim hæðum þar sem hreyfihamlaðir geta ekki komist beint út. Á öruggu svæðunum geta hreyfihamlaðir leitað skjóls þar til björgunarlið kemur á staðinn. Lágmarksstærð hvers öruggs svæðis skal vera 800 mm x 1500 mm.
Settur verður upp samskiptabúnaður á öruggum svæðum í samræmi við leiðbeiningablað og grein 9.5.10. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Í samræmi við leiðbeiningar HMS verður sett upp yfirlitsmynd sem sýnir flóttaleiðir ásamt helstu viðbrögðum vegna eldsvoða í aðalanddyri byggingarinnar og á öðrum stöðum í samráði við brunahönnuð.
Klæðningar
Allar loft- og veggklæðningar innanhúss verða að jafnaði í flokki 1, K_{210} B-s1,d0 og hengiloft ásamt tilheyrandi upphengjum úr B-s1,d0 efnum. Heimilt er að setja að hluta til klæðningar í flokki 2 þar sem húsið er allt varið með vatnsúðakerfi enda mun hönnun vatnsúðakerfis taka mið af því þar sem háttar svo til. Gólfefni á stigahúsum skulu uppfylla C_{fl}-s1 en annarsstaðar mega gólfefni vera í flokki D_{fl}-s1.
Útveggir
Utanhússklæðningar verða í flokki 1, K_{210} B-s1,d0 og með hefðbundinni loftræstri málmklæðningu og tilheyrandi festingum sem uppfylla A2-s1,d0. Útveggir á hermibyggingu eru stálsamloku einingar með óbrennanlegri einangrun.
Brunaviðvörunarkerfi
Í öllu húsinu verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar HMS og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í aðalanddyri hússins. Við stjórnstöð skal setja upp yfirlitsmynd af kerfinu og þjónustubók. Kerfið skal þjónustað af aðila viðurkenndum af HMS.
Neyðarlýsing og ÚT-ljós
Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og ÚT-ljós verða í húsinu í samræmi við byggingarreglugerð 112/2012, ÍST EN 1838:2013, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar HMS við greinar 9.4.12 og 9.5.11, og ISO 16069. Staðsetning ÚT-ljósa er sýnd á grunnmyndum.
Slökkvikerfi
Í allri byggingunni verður sjálfvirkt viðurkennt slökkvikerfi, hannað og uppsett samkvæmt ÍST EN 12845. Kerfið skal vera í áhættuflokki OH1 (ordinary hazard 1) með vatnspéttleika 5 mm/mín og nörnnunarsvæðið 72 m² í samræmi við staðalinn EN 12845. Yfir hermum er til staðar vatnsúðakerfi sem er hannað og uppsett sérstaklega fyrir hermana. Nánari grein er gerð fyrir áhættuflokkun og vatnsþörf á teikningum lagnahönnuðar fyrir vatnsúðakerfið.
Í hermibyggingu eru uppsett slöngukefli en ekki verða þó sett upp slöngukefli í skrifstofubygginguna þar sem húsið er allt varið með vatnsúðakerfi.
Hafar í eldhúsi yfir steikingarstöðum skulu vera útbúnir með sjálfvirku slökkvikerfi og lagnir sem flytja eiminn frá hafunum skulu vera með heilsoðinn samsetningum og ganga órofnar út undir bert loft. Brunavarnir hafa og lagna frá þeim skulu vera í samræmi við gr. 9.6.14 í byggingarreglugerð og leiðbeiningum HMS nr. 6.048.
Handslökkvitæki skulu vera á hverri hæð og á öðrum stöðum skv. leiðbeiningum HMS nr. 165.BR1 og kröfum eldvarnareftirlitsaðila. Á skrifstofusvæðum er heppilegt að miða við 6 l léttvatnstæki, 5 kg kolsýrutæki í tækniþýmum og sérstöku slökkvitæki fyrir F-elda í eldhús sem hentar eld í feiti.

Stigleiðslur verða settar í húsið til að auðvelda slökkviliðsfólk vegna stærðar hússins. Á jarðhæð fyrir utan hvert stigahús verða inntakstengi slökkviliðs en í og við stigahús verða tengi innanhús til tengingar við vinnuslöngur slökkviliðs. Uppsetning og frágangur stigleiðslu skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 9.8.5
Reyklosun
Reykklúgur skulu vera í öllum stigahúsum með 1 m² opunarflatarmál sem opnanlegar eru með brotrofa á inngangshæð viðkomandi stigahúss. Yfir alými eru reykklúgur sem opnast við boð frá brunaviðvörunarkerfi, samtals 12 m. Á útvegg í mötuneyti er jafnframt reykklúga með 2 m² opunarflatarmál. Yfir jóssgarði er jafnframt reykklúga með 3 m² opunarflatarmál. Uppgefnar stærðir á reykklúgum miðast við ljósmál. Frítt streymisflatarmál aerodynamic area er 60% af uppgefnu flatarmáli. Aðloft verður um dyr og glugga.
Hægt verður að reyklosa húsið að öðru leyti um glugga og dyr. Nánar er gerð grein fyrir reyklosun í greinargerð Mannvits.
Loftræsikerfi
Vélræn loftræsing verður í húsinu. Loftræsikerfi hússins skulu hönnuð í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og DS 428. Tryggt verður að loftræsikerfið geti ekki dreift reyk eða hita milli brunahólfa. Nánari lýsing og útfærsla á loftræsikerfunum er að finna á sérteikningum lagnahönnuðar af kerfunum og í greinargerð Mannvits um brunavarnir.
Brunaþéttlingar
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa og brunasamstæðna verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af HMS til fyrirhugaðrar notkunar.
Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er frá Ásbraut/Selhellu og inná Flugvelli 1 og þaðan er aðgengi að öllum hlöðum hússins.
Eftirlit og viðhald með brunavörnum í húsinu
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.
Kerfisbundið eigið eftirlit skal vera í húsinu.

Samþykkt þann
14. SEP. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Helena Þrastardóttir

SHS
13.09.2022

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
13/9 2022

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:
A	01.09.2022	Útgáfa aðaluppdrættir	xx

Verkheiti: Icelandair - höfuðstöðvar

Flugvellir 1 - 220 HFJ

Verkhluti: Byggingarlýsing

Teikningarnúmer: 0.01.01

Verknúmer: 21095

Staðgreinir: 2398-0010

Landnúmer: 222263

Matshluti: 01

Mælikvarði:

Aðalhönnuður / Hönnunarstjóri: SH/BÁ

Teiknað: AS/EV

Yfirfarið:

Dagsetning: 01.09.2022

Útgáfa: A

Samþykkt:

ARKÞING | nordic
HALLARMÚLI 4 - REYKJAVÍK 570 5700 - arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

SIGURÐUR HALLGRÍMSSON,	170753-3139	ARKITEKT
BIRKIR ÁRNASON,	200787-3159	BYGG.FR.
HALLUR KRISTMUNDSSON,	220573-3899	BYGG.FR.
HELGI MAR HALLGRÍMSSON,	210279-3429	ARKITEKT

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - ÁÚLJÓLDUM ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Blaðastærð: A2